



Íþróttamiðstöðin Borg

Sumaropnun

1. júní 2015 – 23. ágúst 2015

Mánudaga - föstudaga

10:00 — 22:00

Laugardaga og sunnudaga

10:00—19:00

Vetraropnun hefst 24. ágúst

Mánud., þriðjud., miðvikud. og fimmtudaga

kl. 14:00 - 22:00

Föstudaga lokað.

Laugardaga og sunnudaga kl: 11:00 - 18:00

Hætt er að hleypa ofan í laugina 20 mínútum fyrir lokun.

Heimasíða: www.gogg.is Netfang: sundlaug@gogg.is

Sími 480 5530

Ritstjóri Hvatarblaðsins er Linda Sverrisdóttir.

Ábyrgðarmaður: Ingibjörg Harðardóttir.

Efni í blaðið berist fyrir 1. hvers mánaðar á eftirfarandi netföng:

linda@gogg.is eða gogg@gogg.is



HVATARBLAÐIÐ

Ágúst 2015

Hið árlega Grímsævintýri verður á Borg 8. ágúst 2015

Að vanda verður fjölbreytt og skemmtileg dagskrá fyrir alla fjölskylduna. Tombólan okkar góða verður á sínum stað í félagsheimilinu, handverks- og matarmarkaður verður í íþróttahúsinu, Sprengju-Kata mætir á svæðið og sýnir okkur listir sínar. Hjálparsveitin Tintron sýnir tækin sín og tól, skátarnir á Úlfjótswatni verða með útielhdús þar sem hægt verður að poppa popp og baka hika brauð yfir opnum eld.

Opnun myndlistasýningar barna úr öllum skólástigum Kerhólaskóla, hoppukastalar, hestaleiga fyrir börn, blóðrur, andlitsmáling og margt fleira skemmtilegt.

Frítt er í sund, tilboð á ís í Verzluninni á Borg og kaffihlaðborð verður á Gömlu Borg svo að eitthvað sé nefnd. Tjaldstæði er á staðnum.

Aðgangur að hátíðinni er ókeypis.
Allur ágóði af Tombólunni rennur til góðgerðar- og líknarmála innanlands.

Fjölbreyttir og skemmtilegir vinningar að vanda og engin núll.
-Vissir þú að Tombólan okkar hefur verið haldin árlega frá árinu 1926?-

Mikið og margt um að vera, allir velkomnir í Grímsnesið.

Kvenfélag Grímsneshrepps stendur fyrir hátíðinni.

Aðal styrktaraðili Grímsævintýra er Grímsnes- og Grafningshreppur





FUNDARGERÐ.

372. fundur sveitarstjórnar Grímsnes- og Grafningshrepps var haldinn í stjórnsýsluhúsinu Borg, miðvikudaginn 1. júlí 2015 kl. 9.00 f.h.

Fundinn sátu:

Gunnar Þorgeirsson

Hörður Óli Guðmundsson

Ingibjörg Harðardóttir

Sigrún Jóna Jónsdóttir

Karl Þorkelsson í fjarveru Guðmundar Ármanns Péturssonar

Fundargerðin var færð í tölvu og hana ritaði Ingibjörg Harðardóttir.

Oddviti leitar afbrigða

- a) 1504019 - Nesjavallavirkjun: Prófun á niðurrennslissholum NJ-17 og NJ-26 í Kýrdal: Framkvæmdaleyfi

1. Fundargerð sveitarstjórnar Grímsnes- og Grafningshrepps frá 16. júní 2015.

Fundargerð sveitarstjórnar Grímsnes- og Grafningshrepps frá 16. júní 2015 liggur frammi á fundinum.

2. Fundargerðir.

b) 92. fundur Skipulagsnefndar Uppsveita, 25. júní 2015.

Mál nr. 21, 22, 23 og 25 þarfnast staðfestingar sveitarstjórnar.

Lögð fram 92. fundargerð Skipulagsnefndar Uppsveita, dags. 25. júní 2015. Eftirfarandi dagskrárliðir þarfnast afgreiðslu sveitarstjórnar;

Mál nr. 21: Lambhagi: Ölfusvatn: Deiliskipulag – 1502099.

Fyrir liggur bréf frá Skipulagsstofnun, dags. 18. júní 2015 varðandi deiliskipulag frístundabyggðarinnar Lambhaga í



Sumarlokun skrifstofu Grímsnes- og Grafningshrepps.

*Vegna sumarleyfa verður skrifstofa
Grímsnes- og Grafningshrepps
lokuð frá 27. júlí til og með 14. ágúst.*

Skrifstofan opnar aftur mánudaginn 17. ágúst n.k.

Sumarleyfi sveitarstjórnar


*Sveitarstjórn verður í sumarleyfi seinni fund
í júlí og fyrri fund í ágúst.*

*Næsti fundur sveitarstjórnar verður
miðvikudaginn 19. ágúst, kl. 9:00 f.h.*

Sveitarstjóri

Þjónustuaðilar í Grímsnes- og Grafningshreppi
www.gogg.is

Allar fundargerðir má finna inn á www.gogg.is



Ættir og eyðibýli

Laugardaginn 29. ágúst kl. 11:00 verða flutt í Félagsheimilinu Borg erindi um þrjár fjölmennar ættir í Grímsnesi, Grafningi og Laugardal.

Nesjavallaætt: Guðfinna Ragnarsdóttir

Laugardalsætt: Gylfi Kristinsson og Unnur Halldórsdóttir

Ottesenætt: Guðmundur Snæbjörnsson

Söngfélagar úr uppsveitum munu flytja nokkur lög á milli erinda undir stjórn Jóns Bjarnasonar organista.

Kaffveitingar verð kr. 1.000 á mann

Hópferð verð kr. 2.500. Farið verður m.a. um nokkur eyðibýli í austurhluta Grímsness.

Fararstjóri: Guðfinna Ragnarsdóttir o.fl.

Panta þarf veitingar og tilkynna þátttöku í hópferðina fyrir 28. ágúst til Jónínu Loftsdóttur í síma 6941913

Hollvinir Grímsness

landi Ölfusvatns. Er m.a. bent á að lóð nr. 9 er utan við svæði sem í aðalskipulagi er skilgreint sem svæði fyrir fristunda- byggð auk þess sem fram kemur að byggingarreitur á lóð nr. 8 þurfi að vera í a.m.k. 15 m fjarlægð frá afmörkuðum garði. Þá liggur einnig fyrir endurskoðaður uppdráttur þar sem komið hefur verið til móts við athugasemdir Skipulagsstofnunar auk þess sem fyrir liggur ný umsögn Minjastofnunar vegna fyrir- hugaðra framkvæmda á lóð nr. 8.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða fyrirbyggjandi deiliskipulag með lagfæringum til að koma til móts við athugasemdir Skipulagsstofnunar, þ.á.m. að fella út lóð nr. 9.

Mál nr. 22: Neðra-Apavatn lóð 169317: Umsókn um byggingarleyfi: Fyrirspurn um sumarhús og gestahús – 1506041.

Fyrir liggur umsókn um leyfi til að byggja sumarhús, 120,3 m² og gestahús 23,6 m² úr timbri. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að grenndarkynna umsóknina fyrir aðliggjandi lóðarhöfum. Ef engar athugasemdir berast er málinu vísað til afgreiðslu byggingarfulltrúa.

Mál nr. 23: Stóra-Borg 168281: Fyrirspurn um byggingaráform: Ný vélaskemma – 1506051.

Lögd er fram fyrirspurn um að byggja nýja vélaskemmu í staðinn fyrir núverandi vélaskemmur sem standa samtengdar við norðurhlið fjárhússins. Nýtt hús verður samtengt fjárhúsinu. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að grenndarkynna umsókn um byggingarleyfi þegar hún kemur fram.

Mál nr. 25: 1506003F - Afgreiðslur byggingarfulltrúa - 15-09.

Lagðar fram til kynningar afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 16. júní 2015.

c) **Fundargerð 10. fundar Skólabjónustu- og velferðarnefndar Árnesþings, 23. júní 2015.**

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

3. Grafningur og Grímsnes, byggðasaga.

Fyrir liggur kostnaðaráætlun við prentun á endurbættri bók, Grafningur og Grímsnes byggðasaga, frá Bókauitgáfunni Hólum. Kostnaður við endurprentun ofl. er 2.995.000 kr. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða endurprentun bókarinnar.

4. Beiðni um styrk frá Námsefnisbankanum.

Fyrir liggur beiðni um styrk frá Námsefnisbankanum að fjárhæð kr. 100.000 til uppbyggingar á gagnabanka fyrir grunnskóla. Sveitarstjórn óskar eftir umsögn starfsmanna Kerhólsskóla. Málinu frestað.

5. Bréf frá Félagi sumarbústaðaeigenda við 5. braut vegna áforma um breytingar á lóð nr. 6 við 5. braut.

Fyrir liggur bréf frá Félagi sumarbústaðaeigenda við 5. braut, dagsett 14. júní 2015 þar sem mótmælt er áformum um breytingar á lóð nr. 6 við 5. braut. Sveitarstjórn hefur ekki borist formlegt erindi um breytingar á lóð nr. 6 við 5. braut.

6. Bréf frá Félagi lóðareigenda við Kjarrbraut vegna brunavarna í land Vaðness.

Fyrir liggur bréf frá Félagi lóðareigenda við Kjarrbraut, dagsett 23. júní 2015 þar sem skorað er á sveitarstjórn að vinna að auknum brunavörnum í landi Vaðness auk annarra sumarbústaðaeigenda innan sveitarfélagsins. Verið er að vinna að brunavarnaráætlun fyrir Brunavarnir Árnassýslu. Jafnframt verður tekið tillit til áhættugreiningar í sveitarfélaginu við endurskoðun aðalskipulags sem framkvæmt verður næsta vetur.

7. Bréf frá Minjastofnun Íslands við viðbrögðum á athugasemd Skipulagsstofnunar vegna framkvæmda í landi Ölfusvatns, Grímsnes- og Grafningshreppi.

Fyrir liggur bréf frá Minjastofnun Íslands, dagsett 23. júní 2015 við viðbrögðum á athugasemd Skipulagsstofnunar vegna fram-



Verzlunin Borg

Opnunartími

Alla daga frá 10:00—20:00

Sími : 486-4408

Verið velkomin - alltaf heitt á könnunni

Hundaeigendur athugið

Af gefnu tilefni vil ég minna hundaeigendur á að **lausaganga hunda** í sveitarfélaginu er **bönnuð** skv. samþykkt um hundahald í Grímsnes- og Grafningshreppi, nr. 60/2012.

Handsömunargjald er 10.000 kr. í hvert skipti sem hundur er handsamaður skv. gjaldskrá um hundahald í Grímsnes- og Grafningshreppi, nr. 141/2012.

Samþykktina og gjaldskrána er hægt að lesa inn á heimasíðu sveitarfélagsins www.gogg.is /

Sveitarstjóri



**Opið virka daga 10 - 16 eða
eftir samkomulagi**

Kryddjurtir í úrvali

Sími: 669-0108

FEDGAVERK



**Tökum að okkur stór og smá verk:
jarðvinnu - tætingu - snjómokstur -
jarðheflun & fólksflutninga, 6-11 farþega.**

Jóhannes og Guðmundur

Gsm: 848 - 1123 & 868 - 4115

Email: verktaki89@gmail.com

Facebook: Jarðvinnuverktaki Feðgaverk

kvæmda í landi Ölfusvatns, Grímsnes- og Grafningshreppi. Bréfið lagt fram til kynningar.

8. Bréf frá Þjóðskrá Íslands um fasteignamat 2016.

Fyrir liggur bréf frá Þjóðskrá Íslands, dagsett 24. júní 2015 um árlegt endurmat allra fasteigna fyrir árið 2016. Fasteignamat eigna í sveitarfélaginu munu hækka um 2,6% og lóða um 3,0% á árinu 2016. Bréfið lagt fram til kynningar.

9. Endurbætur á Félagsheimilinu Borg.

Fyrir liggja tilboð í viðhald utanhúss á Félagsheimilinu Borg. Kostnaðaráætlun framkvæmdanna er 29.890.000 kr. og búrúst fimm tilboð í verkið. Frá Borgarhús ehf. að fjárhæð kr. 24.396.000. Faco ehf. 57.755.000 kr., Skrauthús ehf. 43.283.000 kr., Trésmiðju Sæmundar ehf. 35.000.000 kr. og Þaktækni ehf. 45.295.000 kr. Sveitarstjórn hafnar öllum tilboðum.

10. Önnur mál.

**a) 1504019 - Nesjavallavirkjun: Prófun á niðurrennslis-
holum NJ-17 og NJ-26 í Kýrdal: Framkvæmdaleyfi.**

*Á fundi sveitarstjórnar þann 20. maí sl. var afgreiðsla um-
sóknar um framkvæmdaleyfi Orku Náttúrunnar um prófun á
niðurdælingu upphitað vatns frá Nesjavöllum í holurnar NJ-
17 og NJ-26 í Kýrdal frestað þar til umsagnir Skipulags-
stofnunar, Heilbrigðiseftirlit Suðurlands, Orkustofnunar, Um-
hverfisstofnunar og Jarðskjálftavaktar Veðurstofu Íslands
lægju fyrir. Er málið nú lagt fyrir að nýju þar sem allar um-
sagnir hafa borist.*

*Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að veita framkvæmdaleyfi
fyrir tilraunaniðurdælingu með fyrirvara um að áður berist
lagfærð gögn þar sem komið verði til móts við athugasemdir í
umsögn Veðurstofu Íslands. Þá er einnig tekið undir ábend-
ingar Umhverfisstofnunar um að ON ætti að leita allra leiða
til þess að nýta þetta vatn þannig að orkunni verði ekki sóað
þegar eftirspurn eftir neysl vatni minnkar.*

Til kynningar

- ✓ Vinnumálastofnun, ársskýrsla 2014.
-liggur frammi á fundinum-.
- ✓ Skógrækt ríkisins, ársrit 2014.
-liggur frammi á fundinum-.

Ekki fleira tekið fyrir og fundi slitið kl. 10:45

ORMSSTAÐIR



Fjölskyldurekið
svínabú

ÍSLENSKT SVÍNAKJÖT, beint frá bónda :)

Heimasala
Opið eftir samkomulagi

Sími 771-4465

Sjá www.ormsstadir.is

**Við erum líka á facebook, Ormsstaðir.
Pantanir og allar upplýsingar
í síma 771 - 4465**

ormsstadir@ormsstadir.is

Laugardaginn 15. ágúst, tónleikar í Sólheimakirkju klukkan 14:00

*Magnea Tómasdóttir og
Inga Björk Ingadóttir*
syngja og leika á lýru.



Laugardaginn 15. ágúst, tónleikar í Grænu könnunni klukkan 14:00

Nikolaus Kattner Trúbador mætir með gítarinn

Annað milli kl. 12.00 – 18.00

Lífræni dagurinn

Skátahátíð í tilefni 30 ára skátastarfs á Sólheimum

Háskólahraðlestin kemur í heimsókn

Allt að gerast á Sólheimum.

Priðjudaginn 18. ágúst í Grænu könnunni klukkan 17:00

Ormamolta: *Ágúst Friðmar Backman* frá Garðyrkjustöðinni
Sunnu fræðir gesti um moltugerð á Sólheimum og hvernig ormar koma þar við sögu.

Laugardaginn 22. ágúst, tónleikar í Sólheimakirkju klukkan 14:00

Raggi Bjarna & Þorgeir Ástvalds
lokatónleikar Menningarveislu
Sólheima 2015.



Á döfinni í ágúst á Sólheimum

Menningarveisla Sólheima

Kaffihúsið Græna kannan, Verslunin Vala,
opið 12:00 -18:00

Sýningar inni og úti eru opnar á virkum dögum frá
kl. 09:00-18:00 og helgar frá kl. 12:00-18:00
athugið að ókeypis er á alla tónleika og sýningar.

Laugardaginn 8. ágúst, tónleikar í
Sólheimakirkju klukkan 14:00

Þórdís Gerður Jónsdóttir og Ingibjörg Fríða Helgadóttir
eru báðar nemendur við tónlistardeild Listaháskóla Íslands,
Þórdís Gerður sem einleikari á selló og Ingibjörg Fríða í
skapandi tónlistarmiðlun með söng sem aðalhljóðfæri.



Sunnudaginn 9. ágúst í Sesseljuhúsi klukkan 14:00

Pamela Sousa næringaþerapisti leiðir göngu og kennir
gestum að þekkja þær **lækningarjurtir** sem vaxa á Sólheimum

Gamla Borg
KAFFIHÚS OG VEISLUSALUR
Í HJARTA GRÍMSNESS



Prjónakaffi á Gömlu Borg

*Fyrsta þriðjudagskvöld í hverjum mánuði
kl. 20:00 er prjónakvöld á Gömlu Borg.*


Allir velkomnir og munið eftir prjónunum!



Saumaömpañ Kringlu Grímsnesi

*Fataviðgerðir, gardínusaumur
og ýmiskonar einfaldur
saumaskapur*

Elsa Jónsdóttir
Sími 486 4515



Gæðingamót hmf Trausta 2015

Gæðingamót hestamannafélagsins Trausta í Grímsnesi, Grafningi, Þingvallasveit og Laugardal var haldið á Þorkelsvelli við Laugarvatn laugardaginn 25. júlí síðastliðin samkvæmt venju. Þátttaka var með besta móti en tæplega 40 skráningar voru á mótið. Mótið hófst með setningu formanns, Guðmundar Birkis Þorkelssonar, klukkan 11 en strax að lokinni setningu var byrjað á forkeppni í B-flokki gæðinga og ungmennaflokki. Að því loknu var riðin forkeppni í A-flokki gæðinga.

Eftir matarhlé var síðan komið að þætti barna og unglinga en sú nýlunda hefur verið tekin upp að nú ríða börn, unglingar og ungmenni sína gæðingakeppni á sama mótinu og fullorðnir, þ.e.a.s. Gæðingamóti Trausta á Þorkelsvelli.

Veðrið lék við mótshaldara, sól og skúrir til skiptis svona rétt mátulega til að þurrka og bleyta aftur í vellinum þannig að vallaraðstæður voru með besta móti. Höfðu dómara og keppendur orð á því að völlur okkar Traustafólks væri orðinn samanburðarhæfur við hvaða keppnisvöll á Suðurlandi, hvað varðar undirlag og mýkt.

Klukkan þrjú hófst svo keppni í tölti en á þessu móti var keppt með fyrirkomulaginu T3 sem þýðir að það eru tveir knapar inn á vellinum á sama tíma í forkeppni og geta þannig, sé um lítið vana keppnisknapa að ræða, sótt styrk í að vera með öðrum keppanda á vellinum.

Eftir úrslit í tölti var svo komið að skeiðkappreiðum en það hefur ekki verið gert áður á Gæðingamóti Trausta á Þorkelssvelli þar sem skeiðbrautin var vígð á síðasta ári eftir breytingar og viðbætur sem ráðist var í þá um sumarið.

Úrslit mótsins voru eftirfarandi:

Barna flokkur:

- | | |
|--|------|
| 1. Sara Dögg Björnsdóttir / Bjartur frá Holti
(keppti sem gestur) | 7,86 |
| 2. Thelma Rún Jóhannsdóttir / Freysting frá Skíðbakka III | 7,80 |
| 3. Kristín Lilja Birgisdóttir / Píla frá Stóru-Hildisey | 6,40 |

Þemaviku með Ratleik í heimabyggð. Ýmsar útsýnisferðir aðrar koma sjálfsagt til greina: Einhverja bjarta sumarnóttina núna í sumarfríinu, þegar næði gafst við túnaslátt, sótti það sterkt á mig – sjálfsagt í framhaldi af örnefnavinnunni sem gerð var grein fyrir í síðasta Hvatarblaði – að gaman væri að festa í sessi öræfaferð um Grímsnesafrétt, t.d. fyrir eldri bekkinga. Hægt væri að gista eina nótt í sæluhúsinu Skjaldborg, svo ég haldi áfram að útfæra hugmyndina, sem ég leyfi mér að setja hér fram, þótt hún sé lítt eða ekki rædd innan skóla – ennþá!

Bjarni Þorkelsson, kennari í Kerhólsskóla



Þræstælundur í Þjóðbraut



Opið:

mánudaga til fimmtudaga 10:00 - 21:00

föstudaga til sunnudaga 10:00 - 22:00

Verið velkomin Sími 486-8686

Rífljóð var upp hrútasýningin og lambadómarnir frá því í haust, og áréttað takmark og tilgangur alls þessa kindastúss. Svo var komið inn í bæ, eins og venja er á sveitaheimilum, og þegnar góðgerðir. Enn hafði verið bökuð sjónvarpskaka, og rann ljúflega niður með appelsínusafanum. Allir voru með gleðibragði, og útitekin og rjóð í kinnnum af hlaupum og áreynslu héldu börnin heim í skóla um hádegisbil.

Ög þótt hér hafi í stórum dráttum verið gerð grein fyrir útinámi, má vissulega minnst á það að margt hefur í innitímunum verið lesið og rætt í sambandi við náttúru og útiveru. Sérstaklega er gaman að nefna markvissa umfjöllun um örnefni og þjóðsögur tengdar þeim, en einnig höfum við lagt okkur í líma við að að lesa dýrasögur af öllu tagi. Fátt höfðar betur til barna á þessum aldri, það höfum við sannreynt í vetur.

Þar sem snjór lagðist að snemmendis, tafðist öll verkleg útiframkvæmd. Það tókst þó að mestu að ljúka verkinu í vor, og ætti að vera hægt að ganga frá öllum lausum endum síðsumars eða í haust, þegar lítil börn með skólatöskur tilkynna haustkomuna – svo vitnað sé óbeint í snilldarljóð eftir Vilborgu Dagbjartsdóttur.

Lesendur góðir! Hér hefur verið stiklað á stóru og sagt nokkuð frá útinámi í 5. og 7. bekk í Kerhólsskóla í vetur. Ljúft og skylt er að geta þess að langflest af þessu hefur verið unnið í teymisvinnu með Gunnari Gunnarssyni og nemendum 8. bekkjar. Gunnar er harðsoðinn útivistarmaður og –kennari og á heiðurinn af mörgu því sem hér er frá sagt. Faðir hans var Gunnar heitinn Jóhannesson á Hömrum í Grímsnesi, sem nýleg viðtalsmynd fjallar um og sýnd var í maí á Gömlu – Borg. Þar er Gunnar yngri alinn upp, við afar sterka sjálfsbjargarviðleitni og vinnu- og útsjónarsemi. Það er sannarlega fengur að því fyrir skólastarfið í Kerhólsskóla að koma þeirri lífsafstöðu til skila til upprennandi kynslóða. Eins og fram hefur komið í bréfi til foreldra skólabarnanna í Kerhólsskóla, er verið að festa í sessi ýmsa þætti í skólastarfinu. Margir þessara þátta tengjast útinámi alveg bersýnilega, þótt þeir fari ekki endilega fram undir þeim formerkjum. Á sumum þessara þátta hefur verið tæpt hér á undan, en líka má nefna Reykjavíkurfærd (var farin í vor), hella-skoðunarfærd (var líka farin í vor), fjallgöngu, Þingvallaferð – og líka



Úrslit í barnaflokki

Unglingaflokkur:

- | | |
|--|------|
| 1. Snædís Birta Ásgeirsdóttir / Glæsir frá Borgarnesi
(keppti sem gestur) | 8,07 |
| 2. Thelma Rut Davíðsdóttir / Goði frá Hólmahjáleigu
(keppti sem gestur) | 7,78 |

Ungmennaflokkur:

- | | |
|--|------|
| 1. Halldór Þorbjörnsson / Ópera frá Hurðarbaki | 8,30 |
|--|------|

B-flokkur gæðinga:

- | | |
|--|------|
| 1. Vésteinn frá Snorrastöðum / Hanna Rún Ingibergsdóttir | 8,41 |
| 2. Hamar frá Hömrum II / Sigurður Halldórsson | 8,19 |
| 3. Trú frá Litla-Hálsi / Bjarni Bjarnason | 8,03 |
| 4. Sindri frá Saltvík / Guðmundur Birkir Þorkelsson | 7,89 |
| 5. Ígull frá Laugarvatni / Ragnheiður Bjarnadóttir | 7,67 |
| 6. Prinsessa frá Stangarlæk 1 / Birgir Ólafsson | 0,00 |



Halldór Þorbjörnsson og Ópera frá Hurðarbaki, sigurveigari í ungmennaflokki og tölti T3



Hestur mótsins og sigurveigari B-flokks, Vésteinn frá Snorrastöðum

- b) fá rauðamalarhlassið á sinn stað
- c) útfæra sjónhringinn nánar: jöklar og fjöll í fjarlægð staðsett og nafntekin
- d) útbúa skilti
- e) ákvæða hvaða upplýsingar komi fram á skiltum: T.d. hæð fjallanna, aldur, fjarlægðir, jarðsaga, þjóðsögur, eldvirkni, hættuástand sem kann að stafa af eldstöðvum
- f) skilgreina gerð fjallanna: Er það stapi, skriða eða dyngja. Smá jarðfræði kennd í tengslum við þennan lið, með dæmum - og Hestfjall tekið sem dæmi um dyngju, þótt aðeins sé hálf!

13. Farið með kerru upp á Borgarhóla og sóttir steinar, eins og segir í a) lið hér að ofan. Öllu grjótinu bistað upp á kerru. Rifjuð upp sagan af vermönnum á Djúpalónssandi á Snæfellsnesi og líkamsræktarstöð þeirra í fjörunni: Amlóði, Hálfsterkur, Fullsterkur. Líka minnt á – að gefnu tilefni – málsháttinn góða: Meira vinnur vit en strit. Grjótinu ekið niður að skóla, þar sem það bíður steinhöggsins.
14. Farið að huga að steinhögginu og prófa verkfærin, ná sér í grjót, bera það inn og munda svo hamar og meitil. Hluti hópsins er þó innvið að hyggja að heimildaleit. Árbók ferðafélagsins frá 1961 (Haraldur Matthíasson, Laugarvatni) og bók Ara Trausta, Fjöll á Íslandi, eru árennilegastar af því sem við sjáum, og líklegar til að vera sá viskubrunnur sem ausið verður af, þegar settar verða niður á blað tilvísaðar upplýsingar. Hér lærist annars vegar að leita upplýsinga og skrá þær. Bækur fengnar af bókasafni og reynt að glöggva sig á nokkrum fjöllum á netinu. Þar er fremur fátæklegt um að litast, auk þess sem tölvan verður ekki virk á ætluðum tíma, svo það rennur út í sandinn í bili.
15. Að lokum má geta þess að farið var í í sauðburðarferð (5. og 7. bekkur) að Þóroddsstöðum. Þar má segja að hafi verið lag á Læk, og margt óvænt og skemmtilegt átt sér stað. Hlaup og köll upphófust, enda stóð mikið til: Það þurfti að ná meira en dagsgömlum lömbum og marka þau og merkja. Einn nemandi stakk sig á nagla þegar hann henti sér undir rafgirðingarstreng, annar lenti ofaní upp að hnjám, þegar hann lét sig vaða yfir skurð í ákafanum að komast fyrir lambá, þriðji gómaði sprækt lamb á skurðbakka á seinustu stundu. Mörg barnanna héldu á lömbum til mörkunar og öll sáu þau handbrögðin við að marka lömbin og einstaklingsmerkja.

Í framhaldinu er bréfið skrifað og falast eftir formlegu leyfi sveitarstjórnar til athafna á Borgarhólum. Einnig falast eftir örlítilli hjálp við flutning á rauðamöl og etv. aðstoð við annað sem til kann að falla. Jákvætt svar berst um hæl, að segja má, eins og fram kemur hér á eftir.

10. Hringurinn markaður. Allir hjálpast að að bera að grjót til þess arna. Margt smátt gerir eitt stórt, ef allir leggja af mörkum er þetta fljótleg vinna: Bera bý / bagga skoplítinn / hvert að húsi heim. Líka er öflug samvinna í gangi við að bera að stærra grjót, amk. tvo steina sem eru fjögurra manna tak. Rifjuð upp saga frá Djúpalóns-sandi á Snæfellsnesi, þar sem sjómenn stunduðu aflraunir í landlegum – og reyndu sig við Amlóða, Hálfsterk og Fullsterk. Hér reyndi talsvert á rýmisgreind (rúmskyggni sagði Jónas Hallgrímsson fyrir margt löngu), sönnur færðar á gildi þess að hver leggi sitt af mörkum, einnig á gildi samvinnu og sameiginlegs átaks!
11. Allir hjálpast að við að finna stærri steina og koma þeim á einn stað til þess að taka þá svo þar og höggva í þá númer, sem vísi til fjallanna. Nú reyndi mjög á þætti sem nefndir voru undir lið 10. Vel mætti bæta því við að nú voru hagnýttir til góðra verka hlutir sem allajafna telst lítill sómi að á almannafæri: Spýtur og vörubretti, sem ætti að vera komið á haugana fyrir löngu. Á þessu var dregið að grjót, eða borið. Þannig héldu 6 krakkar á fullhlöðnu brettinu og komust með því móti með þunga steina á leiðarenda. Hér var notast við eins konar naglasúpuheimspeki: Hafa skal það sem hendi er næst, en hugsa ekki um það sem ekki fæst! Þrátt fyrir bjartviðri og ágætt skyggni gafst nú ekki tími til að njóta útsýnisins og glöggva sig betur á fjalla- og jöklasýninni – slíkur var ákafinn við grjótburðinn. Vogaraflið kynnt til sögu, hvernig er hægt að hagnýta sér það og léttu sér störfín. Líka kynntir gamlir málshættir: Meira vinnur vit en strit! / Allt vill lagið hafa!
12. Kynnt er svarbréf frá sveitarstjórn (sjá lið nr. 9), þar sem jákvætt er tekið í erindi námshópsins. Almenn ánægja er með svarið, og víst er að hér hefur lærst þörf lexía í lýðræði og samskiptaháttum við réttkjörin yfirvöld. Svo er farið yfir næstu skref, í ljósi þess sem lofað er í bréfi sveitarstjóra. Það þarf sumsé að:
- a) færa steina heim að skóla

A-flokkur gæðinga:

1. Dagsbrún frá Þóroddsstöðum / Bjarni Bjarnason	8,09
2. Bónus frá Feti / Snædís Birta Ásgeirsdóttir	7,92
3. Rjóð frá Saltvík / Guðmundur Birkir Þorkelsson	7,44
4. Mæra frá Saltvík / Guðmundur Birkir Þorkelsson	6,66
5. Asi frá Saltvík / Guðmundur Birkir Þorkelsson	0,00



Bjarni Bjarnason og Dagsbrún frá Þóroddsstöðum, sigurveigari í A-flokki gæðinga

Tölt T3:

1. Halldór Þorbjörnsson / Ópera frá Hurðarbaki	6,67
2. Ragnheiður Bjarnadóttir / Elding frá Laugarvatni 2. sætið e. hlutköst við Snæðisi	5,33
3. Snæðis Birta Ásgeirsdóttir / Bónus frá Feti	5,33
4. Birgir Ólafsson / Prinsessa frá Stangarlæk 1	5,17
5. Johannes Amplatz / Ösp frá Kirkjuferjuháleigu	4,83
6. Jóhann R Sveinbjörnsson / Frár frá Stóru-Hildisey	0,00



Guðmundur Birkir, knapi mótsins

Jói í Mjóanesi – og eflaust fleiri sem tókst ekki að henda reiður á í mannþrönginni!

Margir skólakrakkar drógu fáeinar kindur, nokkrir margar – og til var það að sýndur var óvenjulegur dugnaður við dráttinn. Þess nutu auðvitað sauðfjárbændur í Grímsnesi, ekki síst þeir fjárríkustu.

Réttastörfin tók fljótt af, og allir fóru heim í skóla sælir og glaðir, búnir með útinámið þennan daginn!

8. Hrútasýning og lambaskoðun á Þóroddsstöðum (5. og 7. bekkur). Fyrirfram er dálítið rætt um hvað fer fram á **hrútasýningum og lambaskoðun**. **Ráðunautar** koma og dæma, mæla og ómskoða lömbin, til þess að leiðbeina bændum við val á **ásatningslömbum/líflömbum**. Dálítið fjallað um **búfjárrækt** almennt, og **sauðfjárrækt** sérstaklega, gildi ræktunarstarfs og **gæðastýringu**. Minnst á hugtök eins og **fallþunga**, **kjötgæði**, **vöðva**, **fitu**, **frjósemi**, **mjólkurlagni**.

Erfðir og **umhverfi** gert að umtalsefni. Svo var það sjálf hrútasýningin. Nemendur 5. – 7. bekkjar stóðu sig eins og hetjur að draga lömbin og halda í þau á meðan þau voru ómskoðuð, mæld, þukluð og stiguð. Þeir allra öflugustu drógu þannig mörg lömb, og flestallir amk. fáein. Börnin horfðu svo uppá það sem kynnt var fyrir þeim og tíundað er hér að ofan. Rifjað var upp hver var tilgangurinn með öllu þessu fjárragi: Að velja líflömb. Voru börnin að ég held vel meðvituð um hvað biði þeirra lamba sem voru ekki helst í náðinni hjá dómaranum. Þannig geta þau nú sagt með nokkurri yfirlætisspeki, ef þessi mál ber á góma: Þetta er nú bara gangur lífsins.

Að lokum var farið inn í „kaffi“ á Þóroddsstöðum, og ekki er alveg víst að veitingarnar hafi verið í fullkomnu samræmi við manneldisstefnu Kerhólsskóla – sé hún yfirleitt til. Og um hádegisbil var haldið heim með skólabílnum

9. Ákveðið að skrifa erindi til sveitarstjórnar um fyrirhugaða útsýnisskífu, og leita liðsinnis um gerð hennar. Lærdómur dagsins er annars þessi:
- a) að klæða sig betur og í samræmi við veður
 - b) að staðsetja fyrirhugaða útsýnisskífu þar sem „víðsýnið skín“.
 - c) að staðsetja fyrirhugaða útsýnisskífu þannig að hún valdi sem minnstum landspjöllum
 - d) að æfa og reyna á lýðræðið, skrifa formlegt erindi til réttkjörinna yfirvalda, setja málín í réttan farveg

Útinám í 5. og 7. b. í Kerhólsskóla

Útinám er fastur liður í starfsemi Kerhólsskóla. Til að gefa lesendum Hvatarblaðsins svolitla innsýn í útinámið verður hér gerð grein fyrir vetrarstarfinu í sumum eldri bekkjum skólans, og helgast það af því að sá sem heldur hér á penna er þeim hnútum kunnugastur. Eins og fram kemur í niðurlagi er flest af verkefnum unnið í samstarfi við 8. bekk og útinámskennara þeirra.

1. Fundinn besti útsýnispunkturinn á **Borgarhólum**. Verkefnið kynnt og tilvonandi útsýnisskífa staðsett. Áttaviti og kort eru með í för.
2. Gróður skoðaður og greindur nokkuð, m. a.: **Blóðberg, beitleyng, krækilyng, bláberjalyng, gulvíðir (grávíðir, loðvíðir), ljónslappi, lokasjóður, fjalldrapi, sortulyng (lúsamulningur, e. bearberry).**
3. Skráð örnefni sem við blasa frá útsýnisstað: **Hestfjall, Vörðufell, Eyjafjallajökull, Þríhyrningur, Tindfjallajökull, Hreppafjöllin, Mosfell, Kerlingarfjöll, Hofsjökull, Bláfell, Bjarnarfell, Jarlhettur, Langjökull, Miðfell, Laugardalsfjöllin, Gullkista, Skriðan, Kálfstindar, Lyngdalsheiði, Hrólfs hólar, Búrfell, Bíldsfell, Seyðishólar, Ingólfssjall.**
4. Spáð í áttir og kynntar höfuðáttir: **Norður, austur, suður, vestur.**
5. Svæðið metið út frá umhverfissjónarmiðum og grænfanaverkefni skólans. Hér þarf að taka til hendinni!
6. Gert gróft líkan af fyrirhugaðri útsýnisskífu, miðhringur.
7. Klausturhólaréttir. Kynnt ljósmynd úr dagatali RML (Hamarsrétt) sem sýnir **dilka** og **almenning**. Orðin kynnt og merkingin, líka hin tvöfalda merking orðanna. Útskýrt að „dilkur“ má líka nota um allar skepnur (spendýr) sem ganga undir móður sinni. Dæmi tekið af fjögurra vetra hesti sem enn „gengur undir“ og má því kallast dilkur. Og svo var farið í réttirnar, allir grunnskólakrakkar og eldri leikskólabörn – á skólabílunum. Að þessu sinni var fêð með fæsta móti, að sögn kunnugustu manna. Fólkið var hins vegar nokkuð margt, og gaman var að sjá kunnugleg andlit heldri manna og kvenna, fyrrverandi stórbændur og sauðfjáreigendur: Þarna var Siggí á Bjarnastöðum, Guðmundur á Hæðarenda, Jón og Þóra á Svínvatni, Gunnar Haraldsson, Kristín á Hömrum, Magnús á Apavatni,

100m Skeið:

Bjarni Bjarnason / Randver frá Þóroddsstöðum	8.80
Ragnheiður Bjarnadóttir / Blikka frá Þóroddstöðum	8.96
Birgir L. Ólafsson / Esja frá Sandhólaferju	9.25
Guðmundur B. Þorkelsson / Rjóð frá Saltvík	10.64
Guðmundur B. Þorkelsson / Mæra frá Saltvík	11.18

Við viljum svo minna á reiðnámskeiðið sívinsæla fyrir börn og unglinga sem byrjar mánudaginn 10. ágúst og Vallamótið sem haldið er á Laugarvatnsvöllum laugardaginn 15. ágúst, sjá auglýsingu annarsstaðar í blaðinu.

F.h. stjórnar hmf Trausta

Birgir Leó, ritari stjórnar



Sigurður Halldórsson og Hamar frá Hömrum II




Reiðnámskeið fyrir börn og unglinga

Árlegt reiðnámskeið Hestamannafélagsins Trausta fyrir börn og unglinga hefst mánudaginn 10. ágúst og lýkur fimmtudaginn 13. ágúst. Kennslan byrjar í Hólmarshöll á Minni-Borg en í framhaldinu verður farið á hringvöllinn við Laugarvatn.

Kennt verður seinni partinn og á kvöldin og kennari verður Sólon Morthens.

Skráning er hjá Guðný á Ormsstöðum í síma 894-0932 fyrir kl. 22:00 sunnudagskvöldið 9. ágúst.



Föstudaginn 14. ágúst verður svo riðið inn í Kringlumýri, grillað, farið í leiki og gíst.

Börn 12 ára og yngri þurfa að vera í fylgd með fullorðnum.

Skráning í reiðtúrinn og gistingu er hjá Guðný á Ormsstöðum í síma 894-0932.

Æskulýðsnefnd Trausta

Göngum snyrtilega um!

Eins og myndirnar hér að neðan sýna er ekki alltaf gengið snyrtilega um við heimilissorp gámana sem staðsettir eru víða um sveitarfélagið. Gámastöðin í Seyðishólum er með reglulegan opnunartíma og þar er hægt að flokka sorpið í viðeigandi flokka. Það er ekki boðlegt að láta sveitina okkar líta svona út.

Tökum höndum saman, göngum snyrtilega um og setjum ruslið í viðeigandi gáma.





Bláskógabyggð og Grímsnes- og Grafningshreppur



Sumaropnun

Sumaropnunartími gámastöðva frá 1. maí til 31. ágúst

	Heiðarbær	Lindarskógar	Seyðishólar	Vegholt
Mánudagur		10:00 - 13:00		14:00 - 17:00
Þriðjudagur	11:00 - 12:00		14:00 - 17:00	
Miðvikudagur		10:00 - 13:00		14:00 - 17:00
Fimmtudagur	10:00 - 12:00		14:00 - 17:00	
Föstudagur			12:00 - 14:00	15:00 - 17:00
Laugardagur		14:00 - 16:00	14:00 - 16:00	14:00 - 16:00
Sunnudagur	10:00 - 12:00	14:00 - 18:00	14:00 - 18:00	14:00 - 18:00

Athugið að ofangreindur opnunartími breytist við stórhátíðir. Lokað er á gámastöðvunum eftirtalda daga: Nýársdag - Föstudaginn langa - Þáskadag - Fridag verkamanna 1. maí - Hvítasunnudag - Þjóðhátíðardaginn 17. júní - Þorláksmessu - Aðfangadag jóla - Jóladag - Annan í jólum og Gamlársdag.

Athugið að opið er fyrir losun heimilisþorps allan sólarhringinn á öllum fjórum gámastöðvunum.

Ath.breytt símanúmer

Heilsugæslustöðvarinnar í Laugarási er:

432-2770

Heilbrigðisstofnun á Selfossi er:

432-2000



HEILBRIGÐISSTOFNUN
SUÐURLANDS



Vallamót 2015

Árlegt Vallamót Hestamannafélagsins Trausta verður haldið laugardaginn 15. ágúst n.k. á Laugarvatnsvöllum. Líkt og í fyrra verður keppt í smalakeppni og verður smalakeppninni skipt í smala 1, þ.e. 14 ára og yngri (fæddir 2001 og seinna) og smali 2, þ.e. 15 ára og eldri (fæddir 2000 og fyrr).

Mótið hefst kl. 10:00 og er dagskrá sem hér segir:

Barna flokkur

Unglinga flokkur

Polla flokkur

Firma keppni

Úrslit unglinga

Úrslit ungmenna

Smali 1

Smali 2

Verðlaunaafhending í barna flokki fer fram strax að lokinni keppni í barna flokki.

Í barna flokki skal riða fet, stökk og tölt eða brokk.

Sé áhugi fyrir hendi á verður keppt í kappreiðum, þ.e.a.s. skeiði eða stökki.

Skráningar í barna-, unglinga- og ungmennaflokka þurfa að berast á netfangið hf.trausti@gmail.com í síðasta lagi fimmtudaginn 13. ágúst.

Í firma keppni og smala 1 og 2 er skráning á staðnum.

Vallamótsnefnd Trausta

Veraldarvinir

Í byrjun júlí komu til sveitarfélagsins tíu sjálfbóðaliðar á vegum samtaka sem nefnast Veraldarvinir. Sjálfbóðaliðarnir dvöldu hér í tvær vikur og leystu af hendi hin ýmsu verkefni, en þau hjálpuðu meðal annars til á golfvöllum, sveitabæjum og í gróðurhúsum. Þau voru mjög hrifin af sveitarfélaginu og nýttu tíma sinn eftir vinnu til þess að skoða það helsta sem það hefur upp á að bjóða, ásamt því að ferðast um nærliggjandi sveitir. Þetta er þriðja árið í röð sem sveitarfélagið tekur á móti sjálfbóðaliðum sem þessum og

hefur samstarfið ávallt gengið vel.

Við þökkum þeim kærlega fyrir sitt framlag, sem og öllum þeim sem tóku á móti þeim eða aðstoðuðu á einhvern hátt.



Hagamúsík í Grímsnesi 2015

Laugardaginn 15. ágúst verða haldnir heimatónleikar hjá **Magnúsi Kjartanssyni** að Snæfoksstöðum í Grímsnesi. Hljómsveitin **Axel O & Co.** mun leika sveitatónlist fyrir gesti.

Tónleikarnir hefjast kl **20:00** og vera haldnir utanhúss að Snæfoksstöðum ef veður leyfir (annars inni). Aðgangur er ókeypis og allir eru velkomnir svo lengi sem pláss/ húsrúm leyfir, og gestir taki með sér veisluföng.

Hljómsveitina **Axel O & Co.**, skipa þeir Axel Omarsson (Söngur og gítar), Magnús Kjartansson (Piano & Söngur), Sigurgeir Sigmundsson (Gítarar og Pedal Steel), Jóhann Ásmundsson (Bassi), Sigfús Óttarsson (Trommur).

Axel Omarsson fluttist ungur til Bandaríkjanna og bjó um árabili í Texas og Oklahoma. Þar kynntist hann country tónlist og hefur spilað hér á landi um árabil. **Magnús Kjartansson** þarf vart að kynna fyrir Landsmönnum og hefur skipað sér sess á meðal þekktustu tónlistarmanna landsins. **Sigurgeir Sigmundsson** er einn þekktasti gítarleikari landsins og hefur leikið inn á plötur með flestum þekktustu tónlistarmönnum landsins. **Jóhann Ásmundsson** er einna þekktastur fyrir þátt sinn í Mezzoforte og er án efa einn þekktasti bassaleikari landsins. **Sigfús Óttarsson**, oftast kenndur við Baraflokkinn starfaði um árabil sem stúdíó tónlistarmaður í Los Angeles í USA.

Auk þess mun **Stefanía Svavarsdóttir** koma fram með hljómsveitinni sem gestasöngvari. Stefáníu þekkja allir í Grímsnesi.



Frekari upplýsingar á síðu **Axel O & Co** á Facebook:

<https://www.facebook.com/axeloandco>